

7.fundur – 3.apríl 2018

Mættir voru: Dominika Kulinzka (1.bekkur), Bjarney Inga Sigurðardóttir (3.bekkur), Sigrún Anna Jónsdóttir (4.bekkur), Haukur Garðarsson (5.bekkur), Anna Reynisdóttir og Páll Finnboði Aðalsteinsson (7.bekkur), Áskell Áskelsson (7. og 8.bekkur), Guðrún Harpa Gunnarsdóttir (1.bekkur), María Valdimarsdóttir (9.bekkur). Lilja Írena deildarstjóri.

1. Farið var yfir fundargerð seinasta fundar. Engar nýjar fundargerðir komnar inn og enn er ekki komin fundargerð fyrir fund 157 hjá skólanefnd.
2. Námskeið um sjálfsmynd. Vel heppnað, Lilja Írena sat inni og þótti fyrirlesarinn tengja vel til nemenda og starfsmanna. Spurning um að bjóða starfsfólki tónlistarskólans og leikskólans að mæta um kvöldið frekar, oft erfitt vegna manneklu að komast á vinnutíma. Samvinnuverkefni menntastofnana þarf fínþússun, og foreldrafélagið er tilbúið að taka á sig aðeins meiri kostnað. Ef hinir skólarnir koma ekki inni, tökum við á okkur helmingskostnað.
3. Önnur mál seinasta fundar -
 - a. Börnin fá 15 mínútur á milli íþróttta og kennslu sem eyrnamerkta eru sturtu. Hvetja þarf börnin heima fyrir og sífellt að minna á. Gott væri ef kennarar gætu einnig hvatt börnin til þegar þau fara úr tíma. Það er ekki skylda að fara í sturtu, þannig að sturtan er val.
 - b. Búið er að vinna í skömmunarmálum mótuneytisins og öruggt þykir að þetta komi ekki aftur upp.

Matur hefur ekki verið á föstudögum vegna þess að unnið er að því að kennslu ljúki fyrir hádegi hjá nemendum. Regnbogalandsnemendur fá hádegismat. Spurning er hvort að foreldrar geti skráð einhverja nemendur í föstudagsmat í framtíðinni, þar sem sumir nemendur hafa ekki foreldra heima og eru mögulega á leið á æfingar.
 - c. Bókasafnsaðgangur – búið er að setja upp hlið til að takmarka umferð bíla. Augljóst mál er að eitthvað þarf þó að gera í sambandi við aðgang að bókasafni og aðgang barna að leikvellingum.

Tilfelli hafa komið upp þar sem börnin hafa verið færð úr mótuneytinu vegna truflana og ekki hleypt út að leika vegna þess að það sé of mikið af bílum á skólalóðinni á skólatíma vegna bókasafnsins. Það sem mikilvægast er, er að þau þurfi ekki að líða vegna bókasafnsins.
 - d. Aðgangur almennings að bókasafni í gegnum mótuneyti hefur verið mest lítill, aðallega var það í sumar. Í einhverjum tilfellum hefur öldruðum verið hleypt í gegnum skólann og ætti ekki að vera truflun af því.
 - e. Aðgangur barnanna að bókasafninu er á hverjum degi frá 8.15-11, og þar er alltaf starfsmaður þeim innan handa.
4. **Rattleikur í stað skemmtiskokks:** Ingi Þór ætlar að skoða ratleikskipulag og hvort það gangi upp, má kalla á aðstoðarfólk. Ef það gengur ekki upp, verður skemmtiskokk með sömu uppskrift og í fyrra sett upp.

Sund: Tala við fólk í íþróttahúsinu, fá frítt fyrir alla í sund (Haukur).
Grillið: Fá bæinn til að koma með grillið og einhverjar keilur. Tala við Bónus og fá safa, versla þá í staðinn við þá pulsar (120 pulsar fóru í fyrra, en það var dræm mæting, en það fóru fleiri brauð). María talar við Bónus um pulsar og Olís um kol (4-5 pokar), Áskell (í Pokemon búning) og Páll manna grillið.

Myndasýning: Heyra í þeim sem hafa framkvæmt svona áður, læra af þeim. Miði og innifalið í honum popp og safi. Skoða hvort Guðrún Harpa bauð sig fram til að rannsaka málið, Bjarney verður með henni í málinu.
5. **Önnur mál:** Árshátíðarsýningin hefur verið umdeild, þá sérstaklega bardagaatriðið, en skoðanir eru bæði með og á móti.

Annað árið í röð þar sem að árshátíðin er á sama degi og heimaleikur í körfubolta, frábært væri að það væri haft í huga á næsta ári.
Hvert fer innkoman af árshátíðinni?

